




ENDURSKOÐUN ER UNÐARLEGT NAFN...







**...á námi fyrir framsækið
nú tíma fólk sem vill komast
í fjölbreytt hálaunastörf og
láta að sér kveða í lífinu.**



Félag löggiltra endurskoðenda

Á faglegum grunni Jón Sigurðsson forstjóri Össurar hf.

„Ég þekki endurskoðendur ekki af öðru en faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum. Þeir veita fyrirtækjum nauðsynlegt aðhald og eru mikilvægir ráðgjafar varðandi uppgjör og reikningsskil.”

Þetta segir Jón Sigurðsson forstjóri Össurar hf. en hann hefur mikla reynslu af samskiptum við þessa ágætu stétt. Össur hf. er alþjóðlegt fyrirtæki á heilbrigðissviði og m.a. næststærsti stoðtækjaframleiðandi í heiminum. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi en starfsstöðvar eru í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð og Ástralíu.

Mannlegi þátturinn mikilvægur

Að sögn Jóns eru samskipti fyrirtækja og endurskoðenda reist á formlegum og vel skilgreindum grunni. Þannig verði það að vera – enginn skuggi megi falla á óhæði endurskoðandans. „Íslenskir endurskoðendur eru fagmennskan uppmáluð og ég get ekki ímyndað mér að þeir falli í freistni. Endurskoðandi okkar, Deloitte, hefur alla tíð gætt þess af kostgæfni að tengslin séu formleg og fjarlægðin milli fyrirtækjanna hæfileg.”

Að mati Jóns er það útbreiddur misskilningur að endurskoðendur séu yfirleitt þurrt fólk og leiðinlegt. „Það er alls ekki mín reynsla. Endurskoðendur þurfa að hafa mannlega þáttinn á hreinu enda eru

þeir fyrst og fremst í þjónustuhlutverki gagnvart umbjóðendum sínum, þ.e. fyrirtækjunum. Endurskoðendur eru upp til hópa mannbendið og skemmtilegt fólk og það er mikill kostur þegar unnið er að stórum og krefjandi verkefnum.”

Eftirsóttir sérfræðingar

Jón undrast ekki að fyrirtæki á sviði viðskipta séu í auknum mæli farin að ráða endurskoðendur til lykilarstarfa. „Þetta er fólk með góða alhliða viðskiptamenntun og afar dýrmæta reynslu af því að starfa fyrir félög og fyrirtæki af ýmsu tagi. Þá hafa endurskoðendur oft og tíðum mikla reynslu af samskiptum við markaðsaðila. Þetta eru góðir kostir.”

Hvað þetta varðar er Össur enginn eftirbátur annarra fyrirtækja. Þannig er Hjörleifur Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar, löggiltur endurskoðandi og segir Jón hans menntun og reynslu nýtast ákaflega vel í því starfi. „Össur er þekkingarfyrirtæki og það er algert grundvallaratriði að við höfum á að skipa öflugum starfsfólki með fjölbætta þekkingu. Við vitum að sú faglega kunnátta sem fæst með markvissu háskólanámi er gríðarlega mikilvæg en svo tekur háskóli lífsins við og þar verður kunnáttan að hagnýtri þekkingu í deiglu reynslunnar.

Henry Kissinger, sem var utanríkisráðherra í ríkisstjórn Nixons í Bandaríkjunum, orðaði þetta frjálsslega á gamansömum nótum. Hann sagði um þá sem brautskráðir voru úr tilteknum háskóla í París, er þekktur var annarsvegar fyrir gæði og hinsvegar fyrir það hve margir hátt settir embættismenn höfðu stundað þar nám: „Þeir kunna allt, en vandamálið er að það er það eina sem þeir vita.”

Hvatning til náms

Jón telur enga hættu í því fólgni að skörð séu höggvin í raðir endurskoðunarfyrirtækja með ásókn í starfskrafta þeirra. „Ég veit að sumum þykir það ekki góð latína að fyrirtæki ráði endurskoðendur sína til starfa. Ég er á öðru máli. Svo vilja endurskoðunarfyrirtækin auðvitað ekki missa hæft starfsfólk. Það er ósköp eðlilegt. Það er eigi að síður mín trú að þetta veiki þau ekki, maður kemur í manns stað. Fyrst og fremst hlýtur þessi ásókn í endurskoðendur að vera vísbending um mikilvægi þekkingar þeirra í augum atvinnulífsins og þá um leið námsfólki hvatning til að fara inn á þessa braut.”



„Össur er þekkingarfyrtæki og það er algert grundvallaratriði að við höfum á að skipa öflugum starfsfólki með fjölpætta þekkingu.”

Furðulegt fyrirbæri eða spennandi tækifæri?

Öll stundum við í raun endurskoðun í daglegu lífi - í einu eða öðru formi. Endurskoðun snýst um að mæla, miðla og túlka fjárhagslegar aðgerðir - hvort sem þú ert að fara yfir heimilisbókhaldið, athuga hvað partíð kostaði um helgina, fylgjast með eyðslunni á bílnum, gera skattskýrsluna eða stjórna stóru fyrirtæki... ...þá ert þú að vinna með hugtök og upplýsingar innan ramma endurskoðunar.

Í íslensku máli hefur orðið endurskoðun fleiri en eina merkingu og sögnin að endurskoða er notuð á ýmsa vegu. Hins vegar er starfsheitið endurskoðandi lögverndað því öðrum en löggiltum endurskoðendum er ekki heimilt að nota þetta starfsheiti. Í fyrstu grein laga um löggilta endurskoðendur segir að tilgangur þeirra sé „að tryggja að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum“. Í öðrum löndum hafa um lengri eða skemmri tíma verið í gildi hliðstæð lagaákvæði um þessa starfsstétt.

Álit á reikningsskilum er kjarninn í störfum endurskoðenda. Starfsheitið er gegnsætt að því leyti að endurskoðandinn fer yfir verk sem einhver annar hefur unnið – endurskoðar. Fingraför endurskoðandans eru fyrir

vikið sjaldnast sýnileg á verkinu sem eykur óneitanlega á dulúð starfsins. Auk endurskoðunar veitir þessi starfsstétt viðtæka þjónustu á öðrum sviðum, einkum aðstoð við gerð reikningsskila og skattskila.

Óhæði er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins. Sérstök ákvæði er meðal annars að finna í lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og hlutafélaga- lögum um persónulegt og fjárhagslegt óhæði endurskoðenda enda má ekki vera um það vafi að álit þeirra á reikningsskilum sé hlutlaust.

Endurskoðun er afar fjölbætt, líflegt og fjölbreytt starf sem fer að stórum hluta fram úti í fyrirtækjunum og gerir skýlausa kröfu um hæfni í mannlegum samskiptum. Þá er ekki óalgengt að endurskoðendur vinni saman í teyllum, einkum þegar viðskiptavinurinn er stóru fyrirtækin í landinu sem eru jafnvel með starfsemi í mörgum löndum. Þá er oftast en ekki handagangur í öskjunni.

Hefð var fyrir því að íslenskir endurskoðendur væru jafnvígir á öllum sviðum fræðanna. Á undanfórnum árum hefur sérhæfingin hins vegar aukist jafnt og þétt með eflingu og alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs, samhliða innleiðingu alþjóðlegra staðla. Því er spáð að svokölluð tæknigeta, það er möguleikarnir til þess að virkja sívaxandi þekkingu, muni tvöfaldast á hverju ári út þá öld sem nú er hafin. Gangi slíkir spádómar eftir, aukast líkur á að starfsumhverfi endurskoðenda verði ekki aðeins enn sérhæfðara, heldur opnast nýir og spennandi möguleikar í faginu.



Hvers vegna að læra endurskoðun?

Hafir þú gaman af stærðfræði, talnaleikjum og heilabrotum almennt er endurskoðun starf fyrir þig. Svo er líka stundum talað um reikningshald sem tungumál viðskipta og að um það gildi sérstök lögmál og reglur eins og um önnur tungumál. Þannig sé nám í endurskoðun í aðra röndina eins og tungumálanám þar sem þú þarft að ná ákveðinni leikni í því að beita þessum sérstöku reglum.

Námið er alhliða viðskiptanám. Hagnýtt, skemmtilegt og góð áskorun fyrir fólk sem vill njóta sín og hæfileika sinna í lífinu. Þú færð tækifæri til að þróa rökhugsun, leysa snúin vandamál og þroska dómgreind þína í heildstæðu námi sem sameinar rannsóknir, raunsæja mynd af umhverfinu, tjáningu, innsæi í samtímaviðburði, teymisverkefnavinnu og tæknilega úrvinnslu.

Endurskoðendur eru eftirsóttir starfskraftar og atvinnuhorfur fyrir vikið afar góðar. Frómt frá sagt er vandfundin markvissari leið til að komast í toppstöðu í viðskiptalífinu, við stjórnun eða ráðgjöf, en að verða vel menntaður og reyndur endurskoðandi. Endurskoðendur fá góða innsýn í rekstur og starfsemi fyrirtækja af ýmsu tagi og starfið reynir á hæfni þeirra í mannlegum samskiptum – öfugt við það sem margur heldur. En um leið krefst það fyllstu fagmennsku og óhæðis. Starfsumhverfið og launin eru góð, vinnan örugg rísi menn undir væntingum og sveigjanlegur vinnutími sannarlega valkostur.

Í hraða samtímans er endurskoðun fjölskylduvænt starf. Þá bjóðast spennandi tækifæri til að vinna á alþjóðlegum vettvangi.

Í heimi örra breytinga, sem eiga sér stað allt í kringum okkur, dugar ekki að spá í framtíðina. Við verðum að skapa hana sjálf. Láta að okkur kveða. Endurskoðun er undarlegt nafn en sígilt fag með mikla framtíðarmöguleika.

Hvernig lærir þú endurskoðun?

Sá eða sú sem fær löggildingu sem endurskoðandi hér á landi, á að baki framhaldsnám í háskóla með endurskoðun og reikningsskil sem kjörsvið. Áður en löggilding fæst verður viðkomandi jafnframt að hafa starfað að minnsta kosti þrjú ár að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda og að því loknu að hafa staðist verklegt próf í fjórum greinum, endurskoðun, gerð reikningsskila, reikningsskilafræðum og skattskilum. Verklega prófið er í umsjón prófnefndar sem skipuð er af fjármálaráðherra. Þetta eru miklar kröfur um menntun og þjálfun og þær standast fyllilega samanburð við hliðstæðar kröfur í öðrum löndum.

Metnaður og gæði einkenna námsleiðir við Háskólann í Reykjavík (60 einingar) og Háskóla Íslands (45 einingar).

Háskólinn í Reykjavík

Meistaránám Háskólans í Reykjavík í reikningshaldi og endurskoðun er einkum sniðið fyrir þá sem starfa eða hyggjast starfa við tölulega úrvinnslu gagna er varða rekstur fyrirtækja.

Hugað er sérstaklega að því hvernig skynsamlegast er að safna nauðsynlegum upplýsingum um rekstur fyrirtækja, hvernig á að vinna úr talnaefni þeirra og hvernig túlka má tölur í ytri og innri reikningsskilum fyrirtækja. Þeir sem vilja starfa á sviði reikningshalds og endurskoðunar verða að hafa gott vald á upplýsinga- og tölvutækni, fjármálafræðum, rekstrarfræðum almennt, auk þeirra viðfangsefna sem varða afkomu- og efnahagsmælingar fyrirtækja. Þá þarf viðkomandi ennfremur að kunna skil á því hvernig rannsókn fer fram á áreiðanleika upplýsinga í reikningsskilum fyrirtækja í þágu fjármagnseigenda.

Þessi viðfangsefni ein og sér eru spennandi fyrir þá sem hafa áhuga á tölulegri greiningu um rekstur fyrirtækja, en auk þess má benda á að starfsmenn fyrirtækja sem hafa þennan bakgrunn eru mjög eftirsóttir til stjórn-sýslu- og stjórnunarstarfa. Námið tekur tvö ár fyrir þann sem stundar það eingöngu. (Sjá nánar á www.ru.is)

Háskóli Íslands

Meistaránámi í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands lýkur með prófgráðunni Master of Accounting. Námið, ásamt tilskilinni starfsreynslu, veitir rétt til þess að þreyta próf til löggildingar sem endurskoðandi. Námið hentar mjög vel þeim einstaklingum sem hafa hug á því að vinna við fjármál og reikningshald í stærri fyrirtækjum þar sem sérþekkingar er krafist.

Náminu er ætlað að mæta þeirri miklu þörf sem orðið hefur á sérþekkingu vegna aukinna umsvifa fjármála- og hlutabréfamarkaðar á Íslandi. Þessu til viðbótar er vert að nefna innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS) 1. janúar 2005, þar sem sérþekking á reikningsskilum er mjög mikilvægur þáttur í rekstri félags sem skráð er í kauphöll.

Forkröfur í námið eru BS próf í viðskiptafræði með tiltekinni áherslu á reikningshald, skattskil, lögfræði og fjármál. Þeir sem hafa BS próf í viðskiptafræði án slíkrar sérhæfingar eða annað háskólapróf geta sótt undirbúningsnámskeið á BS stigi til að uppfylla þessar forkröfur. Námið er þriggja missera nám. (Sjá nánar á www.hi.is)

Engir tveir dagar eins Árni V. Claessen löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

Einu sinni var skrifuð skáldsaga um endurskoðanda sem verður fyrir því áfalli að konu hans er ráðinn bani. Í stað þess að bugast af harmi heitir endurskoðandinn því að koma fram hefndum. Og gerir það. Saga þessi féll í frjóa jörð og var bitist um kvikmyndaréttinn. Þegar hún hlaut svo framhaldslíf á hvíta tjaldinu var aðalsöguhetjan aftur á móti ekki lengur endurskoðandi – heldur arkitekt.

Árni V. Claessen hlær þegar hann rifjar þessa sögu upp. „Sennilega hefur það ekki þótt nógu spennandi að aðalsöguhetjan væri endurskoðandi og ótrúverðugt að fábrotinn „baunateljari“ hefði kjark til að bregðast við með þessum hætti,” segir hann kíminn.

Árni segir þetta rakið dæmi um ranghugmyndir fólks um starf endurskoðandans. Starfsheitið sem slíkt hjálpar heldur ekki til. „Orðið endurskoðandi er svolítið misvísandi. Hvað felst í því? Er það ekki að fara yfir eitthvað sem einhver annar er búinn að gera? Það hljómar ekkert alltof spennandi. Staðreyndin er hins vegar sú að starf endurskoðandans er ákaflega fjölbreytt. Engir tveir dagar eru eins - allt frá því að telja fram til skatts fyrir einstaklinga upp í krefjandi verkefni fyrir stærstu fyrirtæki landsins.”

Ekki fyrir ferkantað fólk

Einhverjir gætu haldið að starf endurskoðandans sé einmanalegt. „Það er misskilningur,” útskýrir Árni. „Stór hluti af vinnunni er úti í fyrirtækjunum og fyrir vikið er maður stöðugt á ferðinni og að kynnast nýju fólki. Það er því nauðsynlegt að vera mannblendinn og kunna að aðlagast. Ferkantaðir menn ættu að finna sér eitthvað annað að gera.

Íslenskt viðskiptalíf - og þar með starf endurskoðandans - hefur tekið stakkaskiptum undanfarinn hálfan annan áratug. „Verkefnið mun fleiri og stærri sem þýðir að sérhæfingin hefur aukist. Sjálfur starfa ég á endurskoðunarsviði KPMG og fæst aðallega við endurskoðun hjá stórum skráðum og óskráðum fyrirtækjum, en sinni líka ýmsum öðrum verkefnum, eins og verðmati og áreiðanleikakönnunum svo eitthvað sé nefnt.”

Leið Árna lá í Verzlunarskólann og síðar í viðskiptafræði við HÍ. „Á fjórða ári valdi ég endurskoðunarsvið af praktískum ástæðum. Það er menntun sem nýtist manni víða í viðskiptalífinu. Með fjórða námsárinu vann ég hjá endurskoðunarstofunni Ernst & Young og fann strax hvað starfið var fjölbreytt og skemmtilegt. Eftir það var ekki aftur snúið.”

Spennandi tækifæri í Bretlandi

Árni varð löggiltur endurskoðandi árið 2003. Þá tók við mastersnám í háskólanum í Leeds og þegar hann fékk boð um að vinna tímabundið á skrifstofu KPMG skammt frá Lundúnum haustið 2004 hugsaði hann sig ekki um tvisvar. „Einn af kostunum við að vinna hjá alþjóðlegu fyrirtæki eins og KPMG er að manni stendur til boða að fara og starfa tímabundið í öðrum löndum.

Árni var fljótari að setja sig inn í starfið en hann gerði ráð fyrir. „Það hjálpaði líka til að Bretarnir eru almennt vinalegir og alls ekki jafn stífir og yfirborðskenndir og af er látið. Þeir eru alltaf til í að rökræða hlutina og eru miklir húmoristar.”

Oft er sagt að engin þjóð vinni lengri vinnudag en Íslendingar. Árni hefur aðra sögu að segja. „Ég hef kynnst ýmsu í þessum efnum en vinnudagurinn

í Bretlandi var talsvert lengri en hér heima. Bæði er mikið unnið en vegalengdir og sprungið samgöngukerfi gera það líka af verkum að það þykir ekkert stórmál að vera 2-4 klukkustundir á leið til og frá vinnu. Svo var kúnnahópurinn minn líka vel dreifður um úthverfi Lundúna.”

Formfast skipulag

„Á Íslandi eru boðleiðir og samskipti yfir- og undirmanna frekar frjálst og sveigjanleg og því var breska formfestan ný fyrir mér. Helsti kosturinn er sá að í þessu formfasta skipulagi felst öflugt gæðaeftirlit þar sem öll vinna sem unnin er innan fyrirtækisins er yfirfarin með kerfisbundnum hætti af herra settum starfsmönnum og sérfræðingum. Ókosturinn er aftur á móti sá að verkefni eru að jafnaði lengi í vinnslu og oft er erfitt að bregðast við og leysa með einföldum hætti vandamál sem upp koma.”

Árni sneri heim sumarið 2006, margefildur með ómetanlega reynslu í farteskinu. „Það var á við doktorspróf að starfa í Bretlandi og ég er ákaflega þakklátur fyrir þetta tækifæri. En eftir þrjú ár ytra var hins vegar tímabært að halda aftur heim til KPMG þar sem krefjandi og skemmtileg verkefni bíða úrlausnar á hverjum degi.”

„Sennilega hefur það ekki þótt nógu spennandi
að aðalsöguhetjan væri endurskoðandi.”





„En það myndast líka mjög skemmtileg stemming í kringum þessar tarnir og fólk leggur sig allt fram.”



Engir rykfallnir karlar Áslaug Rós Guðmundsdóttir nemi í endurskoðun hjá PwC

Fyrst þegar Áslaug Rós Guðmundsdóttir gekk inn á skrifstofu PricewaterhouseCoopers hf. í Skógarhlíðinni bjóst hún við að sjá hóp af niðursoknum rykföllnum körlum. Hvern í sínu horni. Í huganum heyrði hún saumnál detta. En hvað var a'tarna? Á skrifstofunni var líf og fjör, fólk að ræða málin og viðmótið hressilegt. Parna voru vissulega karlar, en enginn þeirra rykfallinn og Áslaug Rós hefði getað svarið að konur væru í meirihluta.

„Ég viðurkenni alveg að ímyndin sem ég hafði af starfi endurskoðandans var stöðluð og ég er örugglega ekki eina manneskjan sem hefur séð þetta umhverfi fyrir sér með þessum hætti. Það kom mér því þægilega á óvart hvað vinnustaðurinn var áhugaverður og líflegur,” rifjar hún upp nú rúmum tveimur árum síðar.

Áslaug Rós lauk BS-prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Þegar hún var að ljúka við lokaritgerð sína réð hún sig í fullt starf hjá PwC. Veturinn eftir BS-prófið ákvað Áslaug Rós að taka sér ársfrí frá námi og láta á starfið reyna. „Er þetta það sem ég held að það sé?” spurði hún sig. Um vorið lá svarið fyrir. Það var afdráttarlaust: „Já.”

Starfið stóð undir væntingum

„Starfið stóð svo sannarlega undir væntingum. Það er mun fjölbreyttara en ég hafði þorað að vona. Vissulega er maður talsvert einn með sjálfum sér en starfið snýst líka um hugleiðingar í kringum ákveðin verkefni og fundir og umræður eru daglegt brauð. Þá er maður mikið á flakki úti

í fyrirtækjunum og alltaf að kynnast nýju fólki. Það hentar mér ljómandi vel, ég er ekki þessi týpa sem sækist eftir því að rykfalla ein úti í horni,” segir hún hlæjandi.

Áslaug Rós er nú á seinna ári í mastersnámi í reikningshaldi og endurskoðun við HR en vinnur á sama tíma fulla vinnu hjá PwC. Hún segir ganga vel að sameina námið og vinnuna. „Þetta er auðvitað svo náskýlt að það styður vel hvort við annað. Svo nýtast ýmis verkefni sem ég er að sinna í vinnunni mér í skólanum. Þetta gæti ekki verið betra.” Í tengslum við verkefnaskil og próf dregur Áslaug Rós úr vinnu og kveðst mæta miklum skilningi hjá yfirmönnum sínum. „Það hafa engir árekstrar orðið – alla vega ekki ennþá,” segir hún kímín. „Svo er ég auðvitað að mennta mig betur í faginu sem hlýtur á endanum að koma fyrirtækinu til góða. Þannig að samlegðaráhrifin eru mikil.”

Mikil törn í upphafi árs

Hefð er fyrir því að mest sé að gera hjá endurskoðendum eftir áramótin þegar uppgjör fyrirtækja eru í algleymingi. Þá er oft handagangur í öskjunni. Áslaug Rós viðurkennir að á þeim árstíma geti vinnudagurinn teygst sig hressilega í annan endann. „En það myndast líka mjög skemmtileg stemming í kringum þessar tarnir og fólk leggur sig allt fram.”

Fjölskylduvænt starf

Törnin stendur að jafnaði í um tvo mánuði en hina tíu mánuði ársins segir Áslaug Rós að verkefnin séu jöfn og stöðug. Þá þurfi menn ekki að vinna lengur en átta tíma á dag – nema þeir endilega vilji. „Vinnukúltúrin er mjög manneskjulegur. Það er ekki mín reynsla að fólk þurfi að vinna eins og

skæpnur til að fá viðurkenningu hér. Þvert á móti bitnar það ekki á starfsframanum þótt þú vinnir ekki tólf tíma á dag. Hjá PwC horfa menn fyrst á gæðin, svo á magnið.”

Hún veit heldur ekki betur en fólki gangi vel að samræma vinnuna og einkalífið og ef aðstæður eru af einhverjum ástæðum sérstakar er brugðist við því. „Þannig veit ég um konu með tvö ung börn sem fékk að minnka við sig vinnu til að hafa meiri tíma til að sinna þeim. Þar að auki er vinnutíminn sveigjanlegur. Starf endurskoðandans er mjög fjölskylduvænt – öfugt við það sem fólk heldur.”

Engin stéttaskipting

Aðgengi að yfirmönnum er líka gott, að sögn Áslaugar Rósar. Ekki er farið í manngreinaralit á skrifstofunni og enginn greinarmunur gerður á löggiltum endurskoðanda og nýútskrifuðum viðskiptafræðingi. „Ef maður þarf að ræða málin, sest maður bara inn hjá sínum yfirmanni. Dymar standa alltaf opnar. Þetta kom mér líka þægilega á óvart en í fyrstu var ég svolítið smeyk um að ég ætti enga samleið með mér eldra og reyndara starfsfólki. Sú hræðsla var með öllu tilefnislaus.”

Allir vegir færir

Áslaug Rós stefnir ótrauð á löggildinguna. Eins og kerfið er þarf hún að ljúka fjórum prófum á jafnmörgum árum. „Á þessum tímamarki geri ég ráð fyrir að halda áfram að starfa á þessum vettvangi. Starfið er mjög gefandi og skemmtilegt. Og með aukinni menntun og reynslu verða verkefnin vonandi ennþá stærri og meira krefjandi.”

„Heima” er best! Helga Harðardóttir löggiltur endurskoðandi á fyrirtækjasviði KPMG

Pegar ung stúlka er spurð hvað hún ætli að verða þegar hún er orðin stór er ekki óalgengt að fá svör eins og hjúkrunarkona, flugfreyja, leikkona, módel eða jafnvel Kattarkonan. Fáar stúlkur myndu líklega svara: Endurskoðandi. Þó er vitað um a.m.k. eitt skráð tilvik en Steinunn nokkur Björnsdóttir gaf barnablaði einu þetta óvenjulega svar þegar hún var átta ára. Gaman hefði verið að sjá svipinn á blaðamanninum! Steinunn hefur nú tvöfaldað aldur sinn en engum sögum fer af því hvort hún stefnir enn á endurskoðunina.

Móðursystir Steinunnar, Helga Harðardóttir, getur ekki varist hlátri þegar hún greinir frá þessu en það var einmitt hún sem blessað barnið tók sér til fyrirmyndar á sínum tíma. Ekki svo að skilja að það hefði einhverjar forsendur til þess. „Hún hafði ekki hugmynd um í hverju starf mitt var í raun og veru fólgið ég held að hún hafi heillast af flottu sokkabuxunum sem ég klæddist í vinnunni. Þetta snerist með öðrum orðum aðallega um klæðaburðinn,” rifjar Helga hlægjandi upp.

Aðspurð hvort hún hafi sjálf deilt þessum draumi með frænku sinni í æsku hristir Helga höfuðið. „Ekki aldeilis. Ég var með allt aðra og hefðbundnari drauma sem barn. Það var eiginlega tilviljun að ég lagði endurskoðunina fyrir mig.”

Að skreppa á annað tilverustig

Helga réðst ung til starfa á endurskoðunarstofunni Endurskoðun & Reikningsskil og fann strax fjölinna sína í starfinu. Á stofunni starfaði ungt og metnaðarfullt fólk og starfið sjálft reyndist vera mun fjölbreyttara og skemmtilegra en Helgu hafði órað fyrir. „Margir halda að endurskoðun sé þurr og einhæft starf unnið af stífu og leiðinlegu fólki. Ég komst fljótt að raun um að það er misskilningur. Starfið snýst ekki síður um mannleg samskipti en tölur á blaði. Og þarna er valinn maður í hverju rúmi – hver öðrum skemmtilegri.” Hún ílentist því í faginu og lauk löggildingarprófi árið 1989.

Árið 2000 sameinaðist fyrirtækið síðan KPMG og starfaði Helga áfram undir þeim merkjum til ársins 2004. Þá ákvað hún að róa á ný mið. Fyrst var hún innri endurskoðandi Símans í tvö og hálf ár og síðan innri endurskoðandi Glitnis í rúmt ár. „Mig langaði að prófa sem flest meðan ég væri þarna „hinum megin”,“ segir hún og talar eins og hún hafi skroppið yfir á annað tilverustig. „Ætli það hafi ekki bara verið kominn tími á mig,” svarar hún spurð um ástæðu þess að hún venti sínu kvæði í kross. „Ég gerði ekki ráð fyrir að grasið væri grænna annars staðar, mig langaði bara að prófa eitthvað nýtt.”

Ótrúlega gott að koma til baka

Hún segir það hafa verið góða reynslu að starfa hjá Símanum og Glitni en innst inni saknaði hún alltaf gamla starfsins. „Þess vegna sneri ég „heim” í haust, hokin af reynslu,” segir hún kímín. „Þetta var góð tilbreyting og ég kynntist mörgu frábæru fólki en ég er ekkert sérstaklega að mæla með því að endurskoðendur hlaupi út undan sér með þessum hætti. Niðurstaða mín eftir þetta flandur er altént skýr: Heima er best!”

Helga starfar nú á fyrirtækjasviði KPMG og hefur tekið að sér svipað hlutverk og hún gegndi hjá Símanum og Glitni. Það má því segja að sérþekkingin sem hún aflaði sér meðan á fjarverunni stóð komi henni til góða núna. „Þetta eru ekki verkefni sem ég hefði stokkið á áður en núna finn ég mig ljómandi vel í þessu.”

Helga var tæp fjögur ár í burtu en segir fátt hafa breyst hjá KPMG á þeim tíma. „Það var ótrúlega gott að koma til baka og það spillti vitaskuld ekki fyrir að ég þekkti fólkið, umhverfið og aðstæður allar. Vissi að hverju ég gekk.”

Gott að vinna í opnu rými

Eitt hefur þó breyst – vinnuaðstaðan. Helga hefur alla tíð vanist því að hafa skrifstofu út af fyrir sig en á fyrirtækjasviði KPMG vinna allir í opnu rými, stjórnendur jafnt sem aðrir starfsmenn. „Ég hafði smá efasemdir um þetta til að byrja með en var staðráðin í að láta það ekki stöðva mig. Efasemdirnar voru aftur á móti ástæðulausar – það tók einn dag að laga sig að þessu. Það er frábært að vinna í svona opnu rými. Maður er miklu meðvitaðri um það sem er að gerast á sviðinu og betur tengdur fólkinu. Stemmingin og samkenndin er frábær. Ég gæti ekki hugsað mér að lokast aftur inni á skrifstofu.”



FLE FLE

„Og þarna er valinn maður í hverju rúmi
– hver öðrum skemmtilegri.”

„Ég reyndi bara að verjast
hlátri, hélt ró minni.“



Á vængjum tækninnar Hólmgrímur Bjarnason löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte á Akureyri

Hringiða íslensks atvinnulífs er á höfuðborgarsvæðinu. Um það verður ekki deilt. Það breytir þó ekki því að ýmsar atvinnugreinar geta hæglega blómstrað á landsbyggðinni – og sumar hverjar sem aldrei fyrr í krafti vaxandi tækni og sífellt betri samgangna. Endurskoðun er þar engin undantekning.

Þetta staðfestir Hólmgrímur Bjarnason löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte á Akureyri en rúm tvö ár eru síðan hann flutti búferlum norður eftir að hafa starfað um nokkurt skeið hjá sama fyrirtæki í Reykjavík.

„Við hjónin erum bæði frá Akureyri en ílentumst í Reykjavík eftir háskólanám þar. Við kunnum prýðilega við okkur fyrir sunnan en það blundaði eigi að síður alltaf í okkur að prófa að búa og starfa á Akureyri,” útskýrir Hólmgrímur. „Við slógum því til.”

Frábært að búa á Akureyri

Hann segir það hafa sína kosti og galla að starfa úti á landi. „Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að það er meira um að vera fyrir sunnan og ef maður vill eltast við allt það nýjasta og ferskasta í faginu er betra að vera þar. Á móti kemur að það er frábært að búa á Akureyri. Erillinn í samfélaginu er minni og það er ákaflega gott að ala hér upp börn,” segir Hólmgrímur en þau hjónin eiga þrjú ung börn. „Ég hef haldið hluta af þeim viðskiptavinum sem ég var með í Reykjavík en það skiptir í raun minna og minna máli hvar maður er staðsettur. Samskipti fara hvort eð er að mestu

fram í gegnum tölvu eða síma. Og ef ég þarf að hitta fólk undir fjögur augu fljúga margar vélar á dag milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þetta er ekki svo flókið.”

Obbinn af viðskiptavinum Hólmgríms er samt fyrir norðan. Hann segir það talsverð viðbrigði að vinna nú á átta manna skrifstofu en hátt í tvö hundruð manns starfa hjá Deloitte í Reykjavík. „Fjölbreytnin í starfinu er til að mynda meiri herna fyrir norðan. Hér er maður meira allt í öllu. Fyrir sunnan er sérhæfingin meiri enda kúnnarnir stærri.“

Dýrmæt reynsla í Kanada

Hólmgrímur hefur víðar komið við á sínum starfsferli en í Reykjavík og á Akureyri. Um þrettán mánaða skeið vann hann hjá Deloitte í Winnipeg í Kanada. „Deloitte er með alþjóðlegt skiptikerfi sem ég færði mér í nyt haustið 2003. Bæði langaði mig að vikka sjóndeildarhringinn og prófa eitthvað nýtt og ekki síður að prófa að starfa í enskumælandi umhverfi. Þegar mér bauðst að fara til Winnipeg hugsaði ég mig ekki tvisvar um.”

Ytra öðlaðist hann dýrmæta reynslu. „Vinnubrögð við endurskoðun hjá Deloitte eru stöðluð um allan heim, hugbúnaðurinn er eins og aðferðafræðin sú sama og fyrir vikið er tiltölulega auðvelt að setja sig inn í starfið á erlendri grund. Ég fékk bara mitt borð á skrifstofunni og byrjaði að vinna. Þetta var ofsalega skemmtilegur en jafnframt krefjandi tími og maður sneri svo sannarlega tvífeldur til baka.”

Hólmgrímur segir heimamenn hafa tekið einstaklega vel á móti sér. „Það kom fljótt í ljós að allir þekktu Ísland en það er ekkert sjálfsgefið í útlöndum,

allra síst í þessum heimshluta. En tengsl Íslands og fólks á Winnipeg-svæðinu eru greinilega rótgrón af skiljanlegum ástæðum. Þarna úir og grúir af fólki af íslenskum ættum.”

Að sögn Hólmgríms voru vinnubrögðin við endurskoðunina stífari í Kanada en hann hafði átt að venjast á Íslandi. „Ég fann það þarna úti að áhrif Enron-hneykslisins og fleiri mála voru farin að hafa mun meiri áhrif á endurskoðunina þar en hér heima. Þetta hefur hins vegar breyst mikið í dag hér heima með upptöku stóru endurskoðunarfyrirtækjanna á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Vinnubrögðin hér heima nú eru því mun líkari því sem ég upplíði úti í Kanada, við getum svo aftur spurt okkur að því hvort það er góð þróun eða slæm.”

Á valdi agans

Einnig var meiri agi á öllu í vinnunni, að sögn Hólmgríms. „Ég man til dæmis eftir því einn morguninn fljótlega eftir að ég kom út. Ég var verkefnisstjóri og við vorum að vinna úti í bæ hjá viðskiptavini, við höfðum sammælt um að byrja að vinna um kl. 8:30. Kl. 8:33 hringdi síminn hjá mér. Það var einn af aðstoðarmönnum mínum, honum var mikið niðri fyrir og ég átti alveg eins von á að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir, hann lent í bílslysi eða eitthvað. Nei, þá var málið að hann var seinn fyrir og yrði ekki mættur fyrr en kl. 8:39. Ég reyndi bara að verjast hlátri, hélt ró minni og sagði: „Allt í lagi John minn, en það er eins gott að þetta komi ekki fyrir aftur.”

Endurskoðandinn fljúgandi Örnólfur Jónsson flugmaður og viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði hjá Deloitte

Flug FI-631 skilar sér heilu og höldnu yfir Atlants-ála frá Keflavík til Boston. Áhöfnin heldur að loknum hefðbundnum skyldustörfum á nærliggjandi hótél. Þar gera menn eitt og annað til að styttu sér stundir í fásinninu, setjast að snæðingi, spjalla saman, horfa á sjónvarpið. Þetta venjulega. Flugmaðurinn hefur aftur á móti önnur áform. Uppi á herbergi dregur hann úr pússi sínu fartölvu og skjalabunka. Byrjar að fara yfir reikninga.

Örnólfur Jónsson er hvort tveggja í senn flugmaður og viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði. „Það gildir í raun einu hvar ég leysi mín verkefni. Á hótélherberginu, heima í stofu eða á skrifstofunni. Svo lengi sem það er ekki í flugstjórnarklefanum. Það væri óviturlegt,” segir hann sporskur á svip.

Ákvað að taka U-beygju

Örnólfur lauk BS-prófi í hagfræði frá HÍ 1991 en samhliða háskólanáminu lærði hann að fljúga. Litla vinnu var að hafa fyrir flugmenn á þessum árum, þannig að Örnólfur þurfti fyrst um sinn alfarið að treysta á hina akademísku menntun sína. „Árið 1995 opnuðust hins vegar allar gáttir hjá Flugleiðum og ég ákvað að taka U-beygju og hella mér út í flugið,” rifjar Örnólfur upp. Hann átti þó vont með að slíta sig alfarið frá reiknistokknum og á árunum 1997 til 1999 lagði hann stund á nám á endurskoðunarsviði Viðskiptafræðideildar HÍ með fullri vinnu sem flugmaður. Að því loknu gekk hann í raðir Deloitte í hlutastarfi og hefur sameinað þetta tvennt síðan.

Sveigjanlegur vinnutími

Örnólfur segir það ganga ágætlega að sameina þessi ólíku störf. „Ég á Deloitte mikið að þakka, þar á bæ hafa menn verið mjög velviljaðir í minn garð. Vinnutíminn gæti ekki verið sveigjanlegri. Annars væri þetta heldur ekki hægt. Það er ekki eins og að skreppa út í sjoppu að bregða sér frá í tuttugu þúsund feta hæð yfir sjávarmáli, segir hann og glottir. Það hjálpar líka mikið að vinnutími flugmanna er óreglulegur. „Það koma góð frí inn á milli sem ég get nýtt til annarra verka.” Hann kveðst til öryggis hafa rætt þetta við yfirmenn sína hjá Ícelandair á sínum tíma og þeir ekki haft neinar athugasemdir. „Í þeirra huga er það alfarið mitt mál hvað ég geri í mínum frítíma. Og ef ég vil liggja yfir reikningum, þá það.”

Örnólfur er í um 30% starfi við endurskoðun og segir það matulegt. „Það er ekkert mál að ofkeyra sig á vinnu. Hver og einn verður að finna taktinn í þeim efnum. Ég gæti þess aftur á móti að taka ekki of mikið að mér. Þá gæti maður alveg kvatt fjölskylduna,” segir hann og hlær. „Það vil ég ekki.” Örnólfur er að mestu með fasta viðskiptamenn á sínum snærum sem vita að hverju þeir ganga. „Þannig að þetta er í nokkuð föstum skorðum.”

Hvers vegna tvö störf?

Örnólfur upplýsir að það sé fyrst og síðast ánægjunnar vegna. „Það nægir mér ekki að vera í öðru hvoru. Það er löngu ljóst. Ég hef líka afskaplega gaman af því að skipta um umhverfi annað veifið og hitta nýtt fólk.”

Hann gerir þetta líka til að halda sér við og bæta við þekkingu sína á endurskoðun. „Það hefur verið mikill uppgangur í fluginu undanfarinn ára-

tug og vinna trygg en maður veit aldrei. Ég gæti líka á einhverjum tímapunkti neyðst til að hætta að fljúga vegna heilsubreysts. Þá kemur tuttugu ára gamalt hagfræðipróf að litlum notum. Maður þyrfti að minnsta kosti að endurmennta sig.”

Að sögn Örnólfs eru býsna margir flugmenn með háskólagráðu í hinum og þessum greinum. Hann álítur þó að fæstir hafi fært sér þær í nyt með sama hætti og hann. „Það er helst að þeir starfi eitthvað á eigin vegum með fluginu.”

Aldrei gert langtímaplön

Örnólfur hefur lokið þremur prófum á leið sinni til löggildingar og hyggst þreyta það fjórða og síðasta nú í nóvember. „Ég hef aldrei gert langtímaplön en kann ágætlega við fyrirkomulagið eins og það er og hef ekki áform um að bæta við mig verkefnum sem endurskoðandi. Það er hins vegar hollt að setja sér markmið í lífinu og hafa faglegan metnað. Svo er það bara fantagóður skóli að lesa fyrir þessi próf.”



„Það gildir í raun einu hvar ég leysi mín verkefni, svo lengi sem það er ekki í flugstjórnarklefanum.”





„Við störfum í ofboðslega spennandi alþjóðlegu umhverfi þar sem hlutirnir eru fljótir að breytast.”



Spennandi alþjóðlegt umhverfi Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young

Allir þrá að koma ár sinni vel fyrir borð í lífinu. Vera metnir að verðleikum. Fram eftir öldum þótti ekkert merkilegra á Íslandi en að vera prestur. Svo komu læknar og lögfræðingar og í dag njóta kaupsýslumenn ómældrar virðingar – einkum þeir sem eru í útrás. En hvað um endurskoðendur? Álitur fólk almennt að þeir séu á grænni grein í lífinu?

„Því myndi ég hiklaust svara játandi,” segir Margrét Pétursdóttir, löggiltur endurskoðandi og einn af eigendum Ernst & Young, sem verður fyrir svörum. „Mín reynsla er sú að starfið þyki merkilegt. Fólk ber virðingu fyrir endurskoðendum. Að vísu svolítið óttablandna virðingu – sumir upplifa okkur nefnilega sem grimma grýlu. Úú, þarna kemur endurskoðandinn,” segir Margrét og hlær.

Orðsporið dýrmæt eign

Margrét segir þetta viðhorf þó alls ekki neikvætt enda hangi það saman við orðsporið sem fer af stéttinni. Og þar er eitt orð öðrum æðra – heiðarleiki. „Það eina sem við eigum er orðsporið. Leiki vafi á heilindum endurskoðanda á hann sér ekki viðreisnar von. Gildir þá einu hvort hann verður uppvís að einhverju misjöfnu í leik eða starfi. Kannanir hafa margsýnt að Íslendingar trú á heiðarleika endurskoðenda og það er

okkur mikils virði. Stéttin sjálf kappkostar líka að verja þetta orðspor. Við erum til að mynda ein af fáum stéttum sem höfum sjálf sett okkur kröfur um endurmenntun – ef ekki hreinlega sú eina.”

Margrét viðurkennir eigi að síður að margir hafi ranga mynd af starfinu. „Það er útbreiddur misskilningur að við séum daufgert og leiðinlegt fólk. Gamalmenni í gráum jakkafötum. Sú klisja stendur á gömlum merg,” segir Margrét og lagar ermarnar á gráu jakkafötunum sínum. Nei, hér færum við í stílinn. Margrét er býsna fjarri því að falla undir fyrrnefnda skilgreiningu.

Starfið æ alþjóðlegra

„Kannski var þetta svona einu sinni en í dag er umhverfið allt annað,” heldur Margrét áfram með gráu jakkafatakenninguna. „Við störfum í ofboðslega spennandi alþjóðlegu umhverfi þar sem hlutirnir eru fljótir að breytast. Þannig er ég spurð spurninga á hverjum einasta degi sem ég get ekki svarað á staðnum. Svo hratt breytist regluverkið. Íslensku fyrirtækin vaxa og vaxa og við aðstoðum erlenda aðila á hverjum degi. Það liggur við að ég tali oftast ensku en íslensku í vinnunni. Það er rétt að maður nái að skipta yfir áður en maður fer heim til fjölskyldunnar undir kvöldið,” segir Margrét og kímir til marks um það að hér ýki hún aðeins.

Margrét segir endurskoðendur þurfa að vera klára í mannlegum samskiptum, þeir þurfi að geta komið frá sér texta í töluðu og rituðu máli, geta stjórnað fundum og síðast en ekki síst verði þeir að vera tilbúnir að hlusta á það sem viðskiptavininum liggur á hjarta. „Í sibreytilegum heimi er nauðsynlegt að vera á tánum.”

Smæðin kallar á fjölbreytni

Innan við fjörutíu manns starfa hjá Ernst & Young sem þýðir að fyrirtækið er talsvert minna í sniðum en stærstu endurskoðunarfyrirtækin hér á landi. Margrét telur það vera kost enda sé fjölbreytnin að jafnaði öllu meiri hjá smærri fyrirtækjunum. „Hér eru menn ekki lítil ró í stóru tannhjóli. Við þjónustum allt frá litlum kúnum upp í risastór fyrirtæki, þannig að menn fá tækifæri til að spreyta sig á öllum skalanum. Við leggjum höfuðáherslu á gæði en hvetjum jafnframt til sjálfstæðra vinnubragða og ábyrgðar.”

Hjá Ernst & Young er rekin fjölskylduvæn starfsmannastefna. „Það er tímanna tákn. Ungt fólk sættir sig ekki lengur við það að vinna myrkuranna á milli. Það vill eiga fjölskyldu og líf utan vinnu. Í dag gildir þetta jafnt um karla og konur. Okkur hjá Ernst & Young er bæði ljúft og skylt að bregðast við þessu og við reynum eftir bestu getu að reka fjölskylduvæna starfsmannastefnu með hóflega langri vinnuviku og sveigjanlegum vinnutíma. Það er framtíðin.”

Gríðarlega góð menntun Vignir Rafn Gíslason löggiltur endurskoðandi hjá PwC

„Nám í endurskoðun er gríðarlega góð menntun. Grunnþekking á reikningsskilum og uppgjörum fyrirtækja er dýrmæt á tímum hraðra breytinga í viðskiptalífínu og nýtist víða. Maður hlýtur þjálfun í talnavinnu, gagnrýnni hugsun og lærir að rökstyðja sitt mál, skriflega og munnlega. Betri alhliða viðskiptamenntun er varla hægt að hugsa sér. Á þennan veg talar Vignir Rafn Gíslason löggiltur endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers. Og hann veit hvað hann syngur – líf hans hefur hverfst um endurskoðun í tvo áratugi.

Vignir las til stúdentsprófs í Samvinnuskólanum á Bifröst þar sem hefð var fyrir því að gera reikningshaldi góð skil. Þar opnuðust augu hans fyrir endurskoðun. Með lokaárinu í skólanum vann hann á stofu endurskoðunarfyrirtækisins sem nú kallast PwC og síðan einnig með viðskiptafræðináminu við HÍ.”

Meira vatn og brauð

Um þriggja ára skeið rak Vignir útibú PwC á Selfossi. „Það var frábær reynsla en á svona lítilli stofu er nálægðin mikil og það reynir á fagmennskuna og stjórnunarhæfileikana.” Vignir kveðst oft hafa séð skrautlega pappíra á ferlinum. Þegar hann var á Selfossi fékk hann einu sinni uppgjör kokksins á Litla-Hrauni inn á borð til sín.

Þegar í ljós kom að umrætt ár var mun lakara en árið á undan sagði kokkurinn, sem var norskur: „Það var bara meira vatn og brauð fyrir þá þarna niður frá.”

Eftir að Vignir sneri aftur til borgarinnar fyrir tæpum áratug hefur hann að mestu unnið að verkefnum fyrir stóru fyrirtækin í landinu. Hann segir það gjörólíkt því að vinna fyrir einstaklinga og litlu fyrirtækin en eins og við vitum hafa stærstu fyrirtæki landsins tekið gríðarlegan vaxtarkipp á umliðnum árum. „Í dag felst starf mitt aðallega í utanumhaldi og stjórn verkefna.

Samstarf við erlend endurskoðunarfyrirtæki hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár enda er útrás íslenskra fyrirtækja í algleymingi. Að sögn Vignis er það ný og skemmtileg vídd í starfið. Í teymisvinnunni sem hann veitir forystu hér heima eru starfsmenn allt að fimmtán talsins en þegar unnið er milli landa segir hann ekki óalgengt að allt að fimmtíu manns komi að ákveðnum verkefnum. Vignir vinnur aðallega með evrópskum kollegum en hefur þó fengið nasabefinn af Bandaríkjunum í gegnum skuldabréfaviðskipti íslenskra fyrirtækja vestra og hann kom m.a. að hlutafjáröflun deCODE á Bandaríkjamarkaði á sínum tíma. „Það var frábær reynsla enda er bandarískur fjármálamarkaður ákaflega flókinn og kröfuharður, ekki síst eftir Enron-ævintýrið alræmda.”

Vignir segir að skilningur stóru fyrirtækjanna á þjónustu endurskoðenda sé að aukast. „Menn vita orðið hvers virði þessi þjónusta er og þegar fyrirtækin hafa kynnst töxtunum erlendis vekja reikningarnir okkar ekki lengur blendnar tilfinningar hjá þeim,” segir hann og brosir.

Hefð fyrir mikilli vinnu

Hefð er fyrir mikilli vinnu í faginu en munurinn frá því áður er, að sögn Vignis, sá að álagið dreifist betur yfir árið. „Þegar ég var að byrja í þessu unnu menn baki brotnu fyrri hluta ársins en á vorin hægðist um og menn gátu leyft sér að fara á ráðstefnur og í tveggja mánaða sumarfrí í kjölfarið. Þetta þýðir ekkert í dag. Sjálfur er ég farinn að taka styttri en fleiri frí. Í minni stöðu er erfitt að vera lengi í burtu í einu.”

Vinnukúltúr Íslendinga er líka að breytast. „Fólk vill gera eitthvað annað í lífinu en vinna. Það er góð þróun. Mjúku lífsgæðin, svo sem að vera meira með fjölskyldunni, hafa fengið aukið vægi. Það tekur tíma að aðlagast þessu en vilji unga fólksins er skýr í þessum efnum.”

Aðspurður hvort hann vinni sjálfur minna í dag en áður hallar Vignir sér aftur í stólnum. „Nei, ég hef alltaf unnið mjög mikið. Konan mín segir að ég sé alltof góður við kunnana mína,” segir hann og hlær.

Hópvinna framtíðin

Starf endurskoðandans hefur sannarlega verið í deigluinni undanfarin misseri og Vignir segir breytingarnar hvergi nærri afstaðnar. „Ég spái því að sérhæfingin eigi eftir að aukast enn meira á næstu árum og að verkefnin verði persónubundnari. Viðfangsefnin eru að verða það flókin að enginn einn maður getur leyst þau upp á eigin spýtur. Hópvinna er það sem koma skal og þar hefur hver sitt hlutverk.”



„Mjúku lífsgæðin, svo sem að vera meira með fjölskyldunni, hafa fengið aukið vægi.”

PRATT HOUSE COOPERS 



Þrífst á áskorunum Ómar Gunnar Ómarsson viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði hjá Grant Thornton

„Ætli það sé ekki bara eins og lífið allt – tilviljun,” svarar Ómar Gunnar Ómarsson viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði hjá Grant Thornton þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi lagt endurskoðun fyrir sig. „Ég hafði ungur gaman af stærðfræði og talnaleikjum heima á Húsavík og það lá því beint við að feta þessa braut. Það spillti heldur ekki fyrir að bróðir minn, sem er fimmtán árum eldri, er menntaður á þessu sviði. Er það ekki bara mannlegt að líta upp til stóra bróður?” heldur hann brosandí áfram.

Það var uppreisn í mér

Þegar Ómar settist á skólabekk í Háskóla Íslands haustið 1999 var hann eigi að síður staðráðinn í því að fara ekki í endurskoðun. „Það var einhver uppreisn í mér á þessum árum og ég ætlaði að taka BS-próf í fjármálum eins og nokkrir félagar mínir.”

Það fór á annan veg. „Ég hafði ekki hugmynd um hvað endurskoðun var á þessum tíma. Hélt að þetta snerist bara um skattframtöl og það virkaði ekki spennandi. Síðan fór ég að taka kúrsa í reikningshaldi og fleiru og þá kviknaði áhuginn á nýjan leik. Það var ekki síst hinum annálaða

kennara Stefáni Svavarssyni að þakka en hann er mikið gúru í þessum fræðum. Á þriðja ári skipti ég svo alfarið yfir á endurskoðunarsvið.”

Námið glæðir áhugann

Eftir að Ómar lauk háskólaprófi árið 2003 réði hann sig til starfa hjá Grant Thornton en þar hafði hann unnið lítillega áður með námi. Þar hefur hann unað hag sínum vel og sett sér ákveðin markmið. „Markmið mitt um þessar mundir er að klára löggildinguna. Ég er búinn með tvö fyrri prófin og ætla að reyna við tvö þau síðari nú í haust.”

Raunar vill svo skemmtilega til að ef allt hefur gengið að óskum er Ómar líklega að ganga út úr síðasta prófinu á sama tíma og þetta rit lítur dagsins ljós.

Hann er illfánlegur til að horfa lengra að sinni enda á próflesturinn hug hans allan meðan við sitjum hjá honum – svo sem sjá má á skræðunum. „Ég þrífst á áskorunum og ef ég næ þessu markmiði set ég mér vafalaust nýtt. Ég kann vel við mig í þessu starfi og gæti vel hugsað mér að sinna því áfram. Það er mun skemmtilegra og fjölbreyttara en ég gerði mér í hugarlund. Annars er það þannig að meðan ég finn að ég er ennþá að læra og bæta einhverju við mig, hef ég áhuga á því sem ég er að gera – og ég er ennþá að læra í þessu starfi.”

Allar dyr opnar

Grant Thornton er ekki stór stofa, þar eru aðeins 24 starfsmenn. Ómar kann því ágætlega og segir fjölbreytnina fyrir vikið meiri. „Hér getur maður þurft að fara í allt mögulegt meðan sérhæfingin á

stóru stofunum er meiri. Það er til dæmis ekkert mál að sérhæfa sig í einum staðli í henni þessari,” segir hann og slær hendinni þéttingsfast ofan á mikinn doðrant á borðinu. International Financial Reporting Standards, má lesa af kili bókarinnar sem er bólgin af speki.

Verðum að njóta sannmælis

Aðspurður hvort hann gæti hugsað sér að vinna á stærri stofu í framtíðinni eða jafnvel við eitthvað allt annað heldur Ómar öllum dyrum opnum. „Mér líður vel hér hjá Grant Thornton. Það breytir þó ekki því að ég lít fyrst og fremst á þetta sem góða menntun og reynslu sem gæti nýst mér víða á viðskiptasviðinu. Það er reyndar ekkert launungarmál að stóru fyrirtækin hérlandis, bankar og fleiri, sækjast mjög eftir fólki úr okkar röðum. Við sem vinnum við endurskoðun þurfum ekki síst þess vegna að gæta þess að vera alltaf metin að verðleikum og haga gjaldskrá okkar til samræmis við það.



„Er það ekki bara mannlegt að líta
upp til stóra bróður?”

Grant Thornton



„Vinnutíminn er frekar frjáls og sérstaklega á sumrin í sólinni
getur maður farið snemma og sinnt áhugamálunum.”



Frábært að geta sinnt áhugamálunum Jón Arnar Óskarsson hjá KPMG

Jón Arnar er Vesturbæingur í húð og hár. Hann ólst upp í Vesturbæ Reykjavíkur ásamt þremur systkinum og gekk í Grandaskóla og Hagaskóla. Í dag er Jón Arnar í sambúð og býr enn á æskuslóðum. Hann er forfallinn golfari.

„Uppáhaldsleikfangið mitt þegar ég var lítill var fótbolti sem ég skildi aldrei við mig.“ Hann á ennþá uppáhaldsleikfang en nú hefur fótboltinn fengið að vikja fyrir golfkylfunum. „Á sumrin spila ég eins mikið golf og ég mögulega get. Ég nota golfið til að slappa af eftir erfiðan vinnudag auk þess sem við hér hjá KPMG höldum reglulega golfmót, helst einu sinni í mánuði. Það er mikill keppnisandi innan fyrirtækisins og metnaður þegar kemur að golfinu. Við erum mjög mörg sem tökum þátt í mótunum og það hristir vinnufélagana saman og er gott fyrir starfsandann. Á föstudögum tek ég svo fram gamla leikfangið mitt en þá er vinnufótbolti.“

En vinnufélagarnir gera fleira saman: „Við kíkjum stundum á Hótel Cabin sem er í næsta húsi og fáum okkur bjór eftir vinnu eða á Amokka í kaffi. Annars vantar fleiri veitingastaði í hverfið, þegar þeir koma fer þetta að verða ansi gott hérna.“ Þá er því komið á framfæri.

Áhuginn í blóðinu

Eftir stúdentspróf frá MR tók Jón Arnar sér árs frí frá námi. Hann prófaði síðan fyrir sér í lögfræðinámi en fann sig ekki á þeirri hillu og hóf nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þar sem reikningsskilafögin heilluðu hann mest tók hann stefnuna á endurskoðun. „Ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að ég er hér í dag? Áhuginn á tölum og reikningi. Svo er bróðir minn endurskoðandi þannig að ég á nú ekki langt að sækja áhugann.“

Að loknum þremur öðrum í skólanum sótti Jón Arnar um vinnu hjá KPMG. Hann hefur nú lokið 4 ára námi og er að ljúka vinnuskyldunni til að öðlast réttinn til að taka löggildingarprófin. „Starfið hjá KPMG er mjög fjölbreytt“, segir Jón Arnar „maður er alltaf í nýjum verkefnum fyrir ný fyrirtæki og þarfir þeirra eru misjafnar. Það er m.a. krafist mikillar þekkingar á viðskiptavininum.“ Jón Arnar segir að hjá KPMG ríki ákveðið frelsi og traust gagnvart starfsfólki. „Vinnutíminn er frekar frjáls og sérstaklega á sumrin í sólinni getur maður farið snemma og sinnt áhugamálunum. Það er mikill kostur. En á álagstímum er unnið fram á kvöld og um helgar, eins og þarf.“

Sauðárkrókur í alþjóðlegu samhengi

Annar spennandi þáttur í starfinu eru vinnu- og námsferðirnar. „Það eru mikil samskipti á milli útibúa KPMG sem eru í öllum helstu borgum

heims, og meira að segja á Sauðárkróki. Við getum sótt um skiptistarf, þ.e.a.s. að fara í ákveðinn tíma til KPMG erlendis til að vinna að ákveðnu verkefni. Það koma líka hingað til lands erlendir aðilar. Það er oft sagt við mig: „Hvernig nennirðu þessu“ eða „þetta hlýtur að vera leiðinlegt starf“ en það að hafa tækifæri til að fara til útlanda og vinna eða fara á námskeið er frábær tilbreyting og gerir spennandi starf enn fjölbreyttara og skemmtilegra“.

Hvað fengist Jón svo við ef hann ynni ekki við endurskoðun? „Ætli ég væri bara ekki leikfimis-kennari - styttri vinnutími og meiri tími fyrir golfið – bara ef launin væru ekki svona léleg. En ef ég færi aftur í viðskiptafræði myndi ég örugglega enda á aftur á sama stað. Ég er ánægður hér og stefni hátt“.

Reynslan frá Jakarta nýttist vel Rita Effendy hjá Deloitte

Rita er brosmild kona með hlýlegt viðmót. Hún kemur frá Jakarta í Indónesíu þar sem búa um 9 milljónir manna en núna býr hún í nágrenni við vinnustað sinn, nánar tiltekið í Grafarvoginum. Rita hefur unnið við endurskoðun hjá Deloitte á Íslandi síðan 2001 og unir hag sínum vel. Hún er gift og á fjögurra ára dóttur.

Hvað dró Ritu alla leið frá Jakarta hingað á íslenska klakann? „Ég vann hjá Deloitte í Jakarta í 2 ár, starfaði síðan á annarri skrifstofu sem aðstoðarfrjálmálastjóri í 3 ár og einnig sem aðstoðarkennari í viðskiptafræði. Síðan fór ég til Nýja Sjálands til að taka masterspróf í viðskiptum. Þá kynntist ég íslenskum manni, giftist honum og við fluttumst hingað“. Rita reynir að fara til Jakarta reglulega, á eins til tveggja ára fresti. Ferðalagið er langt og dýrt en þau hjónin og dóttir þeirra vilja halda tengslum við vini, ættingja og Jakarta.

Í minnihlutahópi

„Það er ekki sama hvort maður er af kínverskum eða indónesískum ættum í Jakarta. Ég er af kínverskum ættum og við eigum mun erfiðara uppdráttar en innfæddir. Við fáum t.d. ekki aðgang að ríkisháskólum heldur þurfum við að sækja einkaskóla sem er margfalt dýrara og allt nám tekur um helmingi lengri tíma fyrir okkur. Ég varð þess vegna að velja nám sem var aðgengilegt og ekki of dýrt eða tímafrekt og fór í 4 ára viðskiptafræðinám“.

Polinmæði er dyggð

„Mér fannst þetta erfitt nám í fyrstu en líkaði það samt vel og eftir útskrift fór ég að vinna hjá Deloitte. Mér finnst þetta skemmtilegt starf – þetta er ekki bara reikningur eins og margir halda – debet og kredit“ segir Rita og hlær, „heldur er þetta miklu fjölbreyttara, stöðugt nám og framfarir í starfi. Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt og miðla þekkingu minni sem er bæði skemmtilegt og nauðsynlegt til að geta bætt sig í starfi. Góður endurskoðandi þarf fyrst og fremst að vera þolinmóður, veita aðhald og hafa mikla skipulagshæfileika“. Rita virðist mjög ánægð hjá Deloitte. „Ég er með góðan yfirmann og það er nauðsynlegt. Eftir að ég byrjaði hér hjá Deloitte var ég metin inn í viðskiptafræðina í Háskóla Íslands og þurfti aðeins að taka tvo kúrsa til að fá að taka löggildingarprófið. Nú er ég búin með þá og á bara eftir að skella mér í prófið og samstarfsfólkið mitt er alltaf að ýta á mig að klára það“.

En hvernig er að vera starfandi útlendingur á íslenskum vinnumarkaði? „Þegar ég byrjaði í íslenskunámi, fljótlega eftir að ég kom hingað árið 2000, þótti mér erfiðast að læra beygingarnar. Eftir að ég byrjaði að tala málið gengur allt betur en að lesa er enn svolítið erfitt. En starfsreynsla mín frá Deloitte í Jakarta hefur nýst mér vel hér, það eru sömu stefnur og markmið og sambærileg kerfi notuð í báðum löndum.“

Ætlaði í arkitektúr

Eftir langa setu við tölvuna fær Rita sér daglega göngu um Grafarvögin. „Ég reyni að fara í klukkutíma göngutúr á hverju kvöldi. Í sumar mætti ég mörgum en núna í haustregninu eru fáir á ferli. Íslendingar fara líklega frekar í ræktina.“ Á göngunni virðir Rita húsin fyrir sér. Hún er mikil

áhugamanneskja um byggingarlist og aðspurð segist hún upphaflega hafa ætlað að verða arkitekt. „Já, ég hef alltaf haft mikinn áhuga á byggingarlist og þegar ég ferðast finnst mér skemmtilegast að skoða húsin, gömul og ný. Ég er til dæmis mjög hrifin af arkitektúrnum í Berlín og því hvernig gamlar og nýjar byggingar fá að standa hlið við hlið.“

Hvað með arkitektúr á Íslandi? „Hér á landi eru gömul hús rifin frekar en að vera endurbýggð. Mér finnst mikilvægt að viðhalda gamalli borgarmynd en um leið að byggja nýttiskuleg hús. Það er sorglegt að sjá gömlu húsin rifin, það er svo fallegt að labba um og skoða gamla bæinn. Í Jakarta á sér stað svipuð þróun og það finnst mér afar sorglegt. Í mótmælunum 1998 voru t.d. mörg gömul hús brennd og í stað þess að endurbýggja þau voru byggð alveg ný hús.“

Fjölhæfni í matargerð

Eitt aðaláhugamál Ritu er matargerð og segist hún jafnvíg á indónesíska, kínverska og indverska matargerðarlist. „Ég baka og elda mikið um helgar, mér finnst sérstaklega gaman að elda tímafreka rétti eins og indónesíska rétti frá Súmötru. Íslenskur matur er líka oft á boðstólum hjá okkur, þannig að fjölbreytnin er mikil eins og gjarnan vill verða þegar ólíkir menningarheimar mætast.“



„Íslendingar fara líklega
frekar í ræktina.“





Information

WC

Valur
Vikingur
Sun 23. 07. 2008
kl: 19:15
Laugardalsvöllur

PEPSI MAX

VISA
BIKARINN
Valur
Vikingur
Sun 23. 07. 2008.
kl: 19:15
Laugardalsvöllur

PEPSI MAX



Félag löggiltra endurskoðenda

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) var stofnað 1935. Tilgangur félagsins er að viðhalda faglegri þekkingu félagsmanna og efla hana. Félagið vinnur að hagsmuna- og framfaramálum á starfssviði endurskoðenda og er vettvangur skoðanaskipta um fagleg málefni stéttarinnar. Nánari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðunni www.fle.is

Félag löggiltra endurskoðenda - FLE
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími 568 8118.
Tölvufang: fle@fle.is Veffang: www.fle.is



Félag löggiltra endurskoðenda



Félag löggiltra endurskoðenda